

Líður tíminn virkilega svona hratt?

Það fer ekki á milli mála að haustið er komið eina ferðina enn. Haustið er ákaflega líflegur tími fyrir mannfólkið sem undirbýr sig af kappi fyrir viðfangsefni vetrarins, hvort sem er í námi eða starfi. Sumt fólk horfir með ákafri eftirsjá til nýliðins

sumars, hvað sem veðurfari og þjóðmálum líður og hlakkar hreint ekki til komandi mánaða skammdegis og myrkurs. Vonandi fer þó Vetur konungur mildum höndum um sálarlíf okkar og gerir okkur kleift að þreyja Þorrann án mikilla átaka.

UMSJÓN STEINUNN ÁSMUNSDÓTTIR OG ARI GÍSLI BRAGASON

N

ú fer margur námsmaðurinn að pakka niður föggum sínum og tygja sig til utanfarar. Fólk dreifist auðvitað í allar áttir, en hvernig sem á því stendur virðast óvenjumargir ætla til Vínar í Austurríki. Er Vínarborg þá vinsælli en aðrir staðir um þessar mundir? Og þá af hverju? Ungur maður, Snorri Wium að nafni, er einmitt á leið út til náms eftir nokkrar vikur. Ég bað hann að segja mér dálítið af sjálfum sér og þá sérstaklega hvert hann er að fara og í hvaða nám.

Hvaða atvinnu stundarðu?

Ég fór í Iðnskólann nánast strax eftir grunnskólapróf og lærði þar húsamálan á fjórum árum. Ég ákvað að fara út í þetta vegna þess að mér fannst aldrei neitt sérstaklega gaman í skóla og þetta var einföld leið því að pabbi er málarameistari. Þarna fékk ég atvinnu sem gaf af sér ágætis kaup og ég gat haft alveg eins mikla vinnu og mig lysti, það var nú eiginlega það sem manni fannst skemmtilegast í þá daga, að fá peninga.

Ég hef unnið hjá afa mínum, sem er einnig málarameistari svo að við erum þarna þrjú ættliðir saman að störfum; afa, pabbi, ég og raunar bróðir minn líka sem er nokkru yngri en ég. Þetta er sem sagt einskona fjölskyldufyrirtæki og mér finnst mjög gott að starfa með í þessum hóp. Það má kannski taka það fram að við bræðurnir, ásamt pabba, höfum fleira sameiginlegt því að við erum allir meira eða minna að vasast í söng.

Þú hefur aldrei látið þér detta í hug að fá þér trönur og fara að mála á léreft?

Ég held að ég sé ekki maður í það. Ég hef oft spáð í hvort ég gæti málað myndir, en alltaf komist að þeirri niðurstöðu að ég ætti ekkert að eiga við það. Mér lætur sennilega best að mála hú.

Hvað með sönginn, hefurðu verið að læra að synja?

Þetta byrjaði nú með því að ég gekk í Pólýfónkórinn árið 1981. Fór svo m.a. til Spánar með kórnum í söngferðalag. Eitt árið var haldið námskeið þar sem þekkt ítölsk söngkona leiðbeindi okkur og þá fór ég fyrst að velta fyrir mér að læra söng. Ákvað að fara til Elínar Sigurvinsdóttur í einkatíma árið 1984 og fannst mér ganga ágætlega svo að ég sótti um Inngöngu í Söngskólann í Reykjavík og hef verið þar í námi síðan hjá Magnúsi Jónssyni og Dóru Reynald.

Hvaða rödd syngurðu?

Ég er tenór eins og svo margir Íslendingar.

Hefurðu hugsað þér að læra sönginn eitthvað frekar?

Ég er líklega á leið til Vínarborg-

ar núna í október, í framhaldandi nám. Þannig að ég er ansi hræddur um að það sem var í byrjun áhugamál sé það ekki lengur, heldur bara mikið alvörumál! Ég hef einhvern veginn aldrei áttað mig á því fyrir að söngurinn væri eitthvað sem ég gæti notað en ekki bara eitthvað leikfang, mér til skemmtunar. En með því að fara til Vínar langar mig að gefa mér tækifæri sem söngvara og sjá hvort ég hef eitthvað í þetta að gera. Í fyrra tók ég sjöunda stig, sem er næstsíðasta stig, úr almennt deild Söngskólans. Ég fór svo í júní sl. út til Vínar og var þar hjá kennara sem heitir prófessor Svanhvít Egilsdóttir og kíkta aðeins í leiðinni á skóla sem heitir Konservatorium Vínarborgar. Þar söng ég fyrir mann sem er yfir óperudeildinni og honum leist mjög vel á mig og vildi fá mig strax út í nám. Svo að ég varð að taka þessa ákvörðun, annað hvort fer ég út núna, eða þá að ég verð heima og lýk áttunda stiginu í skólanum og klára hann þar með. Þetta var töluvert erfið ákvörðun, því að um sama léyti fékk ég tilboð um smáhlutverk í óperunni Hoffmann í Íslensku óperunni, sem verður tekin til sýninga fljótlega og mér fannst afar erfið að hafna því góða boði. Ég hef raunar sungið í Óperukórnum síðan haustið '85.

Hvernig tilfinning er að standa á sviði fyrir framan fjölda fólks og synja?

Hún er svolítið misjöfn. Ef mér gengur vel þá er þetta mikil sæla, þess vegna er ég nú sennilega að þessu. Maður fær eitthvað út úr því að þína sjálfan sig til að standa fyrir framan allt þetta fólk og synja fyrir það og að hafa haft alveg ofboðslega mikið fyrir því að undirbúa sig vikur og mánuði áður en tónleikarnir fara fram. Þetta er geysilega mikil vinna og mjög mikið álag, en eitthvað gerir það að verkum að maður vill ekki sleppa þessu. Samt botna ég aldrei í því þegar ég er að synja fyrir fólk, hvers vegna í ósköpunum ég er að þessu!

Það er mjög einkenndandi fyrir sönginn að einn daginn finnst þér allt ganga afskaplega vel og telur þig eiga heima í þessu hvar sem er og hvenær sem er, en svo kannski eftir hálfan mánuð finnst þér þú ekki geta neitt og þykist helst ætla að hætta við allt saman. Það fylgir einmitt þessu námi að læra að fara milliveginn og takast á við þessar sveiflur, að geta tekið því ef illa gengur og ekki síður að geta tekið velgengi, sem er síst auðveldara.

Þú hélt tónleika á dögunum með litlum sönghóp, geturðu gefið nánari deili á honum?

Hópurinn er yfirleitt nefndur Emil og Anna Sigga, þó ég hafi nú ekki hugmynd um hvaðan þetta Emilsnafn er sprottið. Við erum sex í hópnum og erum búin að starfa núna á annað ár. Hluti hópsins byrjaði á þessu eitthvað í kringum '81, þá fórum við á Þorláksmessu niður í bæ og sungum jólalög í verslunum og skemmtum okkur konunglega.

Við byrjuðum samstarfið svo fyrir alvöru á að halda tónleika í Hladvarpanum í fyrra, sem gengur ágætlega og svo aftur núna nýlega í sama



húsnæði, en í sal sem heitir Undir pilsfaldinum. Þeir tónleikar tókust mjög vel, salurinn troðfylltist og við þurftum því miður að vísa fólki frá. Þarna sungum við ýmsar tegundir af músík, íslensk og bresk þjóðlög. Bítalög og allt mögulegt fleira. Svona sambland af rólegu og fallegu og svo hröðu og skemmtilegu. Ég hugsa að maður hafi mjög gott af því að breyta aðeins frá klassíkinni og synja eitthvað annað. Það krefst annarrar raddtækni og maður þarf að hugsa öðruvísi þegar sungið er með fleirum.

Hvernig leggst í þig að vera að fara til Vínar?

Það leggst vel í mig og ég vona bara að þetta gangi nú allt saman upp. Auðvitað er maður samt sem áður dálítið kvíðinn vegna þess að þetta ber mjög brátt að. Ég og konan mín, Unnur María, eigum einmánaðar gamalt barn, stúlku sem heitir Hekla. Ég þarf að fara frá þeim í þrjú mánuði og það finnst mér mjög slæmt, finnst ég vera að missa af mjög merkilegum tíma með þeim. En svo koma þær nú út til mín að þremur mánuðum liðnum.

Hvenær umbreyttist þú í fjölskyldumann?

Ja, hvenær verður maður eiginlega fjölskyldumaður? Byrjar það ekki bara þegar fólk kaupir sér saman þvottavél? Árið 1983 fór ég á stúfana og leigði mér íbúð í Vesturbænum og við Unnur María höfum búið þar saman sl. þrjú ár.

Mér finnst nokkuð merkileg tilhugsun að vera „fjölskyldumaður“! Það er sennilega þessi ábyrgð, mér finnst hún mjög mikil og ekki síst þegar ég þarf að rjúka svona í burtu og skilja þær eftir um stundarsakir.

Viltu segja eitthvað sérstakt að lokum?

Nei, ég hef bara ekki tíma til þess. Ég hef alveg nóg að gera við að vera fjölskyldumaður, söngvari og málari og það rúmast fátt annað inn í þá mynd í bili.

En eins og ég segi, ég ætla að vinna svoltið í því að reyna að verða söngvari.



g bý í raðhúsálengju í austurluta Reykjavíkur, sem er kannski ekki í frásögur færandi. En mér verður oft hugsað til nágranna minna sem búa hér allt um kring. Ég veiti því athygli að sumir þeirra hverfa stundum tímabundið, aðrir til langframa, en svo skjóta þeir allt í einu upp kollinum einn góðan veðurdag, rétt eins og ekkert hafi í skorist.

Þetta gerðist einmitt núna um daginn þegar Drífa Guðjónsdóttir, leikfélagi minn úr bernsku, sást hér skyndilega í götunni. Forvitnin vaknaði óðar og ég linnti ekki látum fyrir en ég hafði fengið hana til að segja mér hvar í ósköpunum hún hefði verið allan þennan tíma og hvað hún væri nú að fást við.

Ef þú byrjar á að segja frá því hvað þú hefur verið að bralla síðan í menntaskólaárunum?

Ég var í Menntaskólanum við Hamrahlíð þrjú og hálf ár og lauk þaðan stúdentsprófi árið 1983. Eitt sumar á þessu tímabili fór ég til Þýskalands sem au-pair. Ég var nú reyndar ekki að passa börn, heldur var ég í litlu þorpi í Bayern í Suður-Þýskalandi og hjálpaði þar til við heimilisstörf og útistörf eins og t.d. að tina aspás úti á ökrum. Svo var ég að vinna í garðyrkju á sumrin og í leikfangabúð á júlunum hér á Íslandi. Þegar ég var búin með MH fór ég svo út til München og var í sjö mánuði að læra þýskuna betur.

Hvernig líkaði þér við München?

Ég er ekki beint stórborgarbarn, þó svo að ég hafi alltaf átt heima í Reykjavík. Mér þótti nánast óþærilegt að ég gat aldrei vitað hvaða leiðir ég átti að velja, þegar ég ætlaði að fara eitthvað um borgina, maður þurfti alltaf að keyra eftir korti. Þó þetta væru sjö mánuðir fékk ég ósköp litla tilfinningu fyrir borginni og hvað væri í henni. Nema að ég vissi hvar miðbærinn, háskólinn, íbúðin mín, Ólympíuleikvangurinn og nokkrir mjög þekktir staðir voru. Það truflaði mig svolítið að hafa ekki neina yfirsýn.

Þegar ég loks hafði fundið háskólabýgginguna í þessari stóru borg, lagði ég fram mín gögn og kunnáttu mín í málinu var svo metin. Mér var umsvifalaust plantað í erfiðasta kúrsinn því þeir sáu að ég var búin að læra þýsku í þrjú og hálf ár. En það veit það náttúrulega hver maður sem hefur stúdentspróf í þýsku, að maður kann nú svo sem ekkert í málinu þrátt fyrir þetta próf! En ég sé það núna, að auðvitað er sú málfræði sem maður lærði fyrst mjög gagnleg þegar til kastanna kemur. Þegar ég byrjaði í þýskunáminu þarna úti þá skildi ég loksins hvaða hlutverki þessi hundleiðinlega málfræði gegnir raunverulega, að þylja upp sagnir, greini og allt þetta þurra sem maður lærir fyrst. Þegar maður fer að þurfa að tala og þá töluvert vitlaust, fer maður fyrst að byrja að stúdera hvernig tungumálið er uppbyggt.

Það er leiðinlegt að sitja heima og byrja að læra nýtt mál, sagnir, beygingar, hvaða forsetning tekur hvaða fall og allt þetta... en þegar þú uppgötvar að þú getur notað þessa kunnáttu þína er þetta ofsalega gaman. Orðafordinn hefur aukist mjög mikið eftir að ég kom til Þýskalands og mér finnst ekkert erfið að tjá mig lengur, þó svo að ég tali alls ekki lýtalausa þýsku.

Svo þegar ég fór í líffræðinámið til Braunschweig, þá kom sjokkið; fagmálið, ég kunni lítið í því og þurfti auðvitað að byrja að læra það. Með hverju nýju verkefni

koma náttúrulega ný vandamál, sem takast þarf á við.

Þegar ég flutti út til München var það í fyrsta skipti sem ég fór að heiman og að búa sjálf, bjó reyndar með manni sem ég kynntist í Bayern. Hann fór svo í skóla til Sviss í eitt ár og ég fór heim til Íslands og í Háskólann. Þegar hann lauk sínu námi fékk hann vinnu í Braunschweig og þá fluttum við bæði þangað. Staðarvalið var því hálfgerð tilviljun. Braunschweig, þar sem búa um 280 þús. manns, er bara smáborg og það eru alls ekkert allir þjóðverjar sem vita hvar þessi borg er.

Nú lagðirðu stund á líffræði, af hverju varð hún fyrir valinu?

Ég hélt alltaf að ég gæti ekki lært tungumál mjög vel, það var einhver meinloka og mér fannst alltaf skemmtilegra í raungreinum heldur en í húanískum greinum. Mig hefur alltaf langað í einhverskonar rannsóknir. Í eitthvað sem skiptir máli að sé rannsakað. Mig langaði líka að kynna þvi hvernig hlutirnir eru rannsakaðir. Maður sér í líffræðinni, hversu rannsóknarsviðið getur verið ótrúlega víðfeðmt. Svo kom ég út til Braunschweig og frétti að þar væri kenni líffræði við tækniháskóla, sem mér var sagt að væri mjög góður, tók inntökupróf í þýsku sem gekk ágætlega og komst inn.

Gætirðu útskýrt lauslega hvernig líffræðinámið er uppbyggt?

Líffræðinámið er byggt upp í tveimur hlutum, sá fyrsti er grunnnámið, þ.e. dýrafræði, grasfræði, efnafræði bæði lífræn og ólífræn og svo eðlisfræði og eðlisefnafræði. Þetta eru svona aðalöggin. Svo eru líka tölfraði og aðrar smærri greinar þarna inni á milli. Námið byggist upp á verklegum æfingum, skýrslugerð og fyrirlestrum og í lokin tekur maður svokallað „Vordiplompróf“ og kemst þá út í síðari hlutann, hið eiginlega nám sem er sérhæft við ákveðna þætti líffræðinnar.

Við erum mikið í verklegum æfingum sem er algjört kapphlaup að komast í. Þá er jafnvel teningakast látið ráða um hvort þú færð þessa verkæfingu á þessari önt, eða bara einhvern tímann á þeirri næstu. Ég þurfti einu sinni að draga miða upp á þetta og hann var auðvitað auður, sem gerði það að verkum að ég þurfti að bíða í heila fjóra mánuði eftir að komast að. Maður þarf að hafa þessar verklegu æfingar til að geta tekið „Vordiplomprófið“. Eftir það getur



Matthildur Aðalsteinsdóttir er búsett í Ólafsvík. Hún fæddist í Reykjavík en fluttist eins árs gömul til Ólafsvíkur. Matthildur býr ásamt sambýlismanni, Baldvini Arnarsyni, og þrjú ára syni sínum, Jens, í íbúð fósturföður síns sem hún gerði upp ásamt Baldvini. Ég byrjaði á því að spyrja Matthildi um líffshlaup sitt.

Ég hef átt heima hér í Ólafsvík alla ævi má segja. Ég fluttist til Vestmannaeyja eftir að ég skildi við barnföður minn og dvaldist þar í fjóra mánuði. Ég vann í matvöruverslun í Eyjum en það gekk ekki upp að borga leigu og barnapössun. Ég fluttist því aftur heim og fór að vinna í Stakkholti við fiskvinnslu. Ég bjó þá í íbúð sem mér var útvegað af vinnuveitendum mínum.

Hvað starfarðu við núna?

Ég vinn í Grillskálanum á morgn-